



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Heiða Björg Hilmisdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 20. nóvember 2025
Málsnr. 1910010 PBG/SB

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun SSH

Á aðalfundi SSH sem haldinn var 14. nóvember sl. Var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna starfs- og fjárhagsáætlunar SSH.

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 lögð fram til samþykktar

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er aðgengileg í fundargögnum.
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2026.

Engar megin breytingar eru í starfsemi SSH 2026 sem hafa áhrif á fjárhagsáætlunina. Páll bendir þó sérstaklega á að ef rekstur höfuðborgargirðingar muni áfram fara vaxandi þurfi að innheimta fyrir þeim kostnaði sérstaklega hjá sveitarfélögunum svo það íþyngi ekki annarri starfsemi innan SSH. Verður það skoðað í fjárhagsáætlun 2027.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 14. nóvember 2025 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2026 til samtakanna verði 176 kr. á hvern íbúa.
Tillagan var samþykkt.


Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 14. nóvember 2025 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2026 verði samþykkt.
Tillagan var samþykkt.

Í 1. mgr. 7. gr. samþykpta sveitarfélga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna skuli afgreiddar á aðalfundi og staðfestar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna.

Meðfylgjandi er starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2026 og er samkvæmt framansögðu óskað staðfestingar á henni. Þess er óskað að upplýsingar um afgreiðslu þessa berist á netfangið ssh@ssh.is sem fyrst.

Virðingarfyllst,


Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi

Starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2026
Tillaga um árgjald samþykkt á aðalfundi 2025
Fundargerð aðalfundar SSH 2025



**Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
(SSH) fyrir árið 2026.**



Starfssemi SSH hefur eflst á undanförunum árum og er enn stefnt að því að efla hana frekar.

Hlutverk og markmið SSH liggja fyrir og eiga að endurspegla dagalega starfsemi samtakanna:

Hlutverk og markmið SSH

- Að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og vera sameiginlegur málsvari þeirra.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Að vinna að framþróun til hagsældar fyrir íbúa svæðisins.
- Að hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem stuðla að eflingu sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins í heild.
- Að fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innalands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.
- Að standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

Helstu verkefni á árinu 2026.

Með ofangreind markmið að leiðarljósi er það vilji stjórnar SSH að efla vettvanginn enn frekar og þá með áherslu í átt að öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Ásamt öflugri starfsfólki hafa verið fengnir til starfa verkefnastjórnar vegna einstakra verkefna samtakanna til að styrkja vinnu og mótun leiða til að ná betur fram markmiðum þeirra. Oftast er verkefnastýringin fjármögnuð með fjármagni í gegnum sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Með þessari ráðstöfun hefur orðið til öflugri Verkefnastjórnun, betri stefnumótun í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin vinna sameiginlega að, ásamt aukinni greiningu og frumkvæði er varða hagsmunamál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 2024 og 2025 hefur var ráðinn sérfræðingur á skrifstofu samtakanna í sumarstarf og hefur sú reynsla verið jákvæð. Þá hafa meistararnemar í lögfræði verið í starfsnámi hjá SSH og verður áfram unnið með það verkefni á komandi ári.

Ný heimasíða og samfélagsmiðlar á vettvangi SSH hafa verið nýttir betur á síðustu árum. Markmiðið með því er að koma upplýsingum og áherslumálum SSH á framfæri með skilvirkari hætti en áður. Á árinu 2021 var fjárfest í sérstöku fundarkerfi (ONE) til þess að auka aðgengi og öryggi gagna á þeim fundum sem haldnir eru vettvangi SSH. Með þeirri ráðstöfun hefur einnig skapast aukið aðgengi að fundargögnum, bæði kjörinna fulltrúa og almennings. Frekari þróun á nýrri heimasíðu og rafrænum aðgengismálum er fyrirhuguð á árinu 2026 eins og áður.

Skipulag og samgöngur

Samkomulag við ríkið um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu var undirritað 26. september 2019 og samkomulag um uppfærðan Samgöngusáttmála 21. ágúst 2024. Þá var undirritað samkomulag um samvinnu um rekstur og stjórnskipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Eftirfylgni með þessum verkefnum hafa verið mikil undanfarin ár sem og á vettvangi félagsins um framkvæmdirnar, Betri Samgangna ohf, Gert er ráð fyrir áframhaldandi eftirfylgni SSH á efnisatriðum samgöngusáttmálans og samkomulögum hans tengdum á árinu 2026 líkt og á árin á undan.



Vinna við framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins heldur áfram á árinu 2026 og verður það í höndum svæðisskipulagsnefndar eins og áður að afgreiða erindi sem henni berast sem og vinna að einstaka verkefnum sem varða framfylgd svæðisskipulags.

Vinnu við Þróunaráætlun 2020-2024 lauk árið 2024. Með Þróunaráætlun er lögð áhersla á að samræma áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnaðis, auk annarra aðgerða til að ná fram markmiðum svæðisskipulags um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Þróunaráætlunin var kynnt fyrir svæðisskipulagsnefnd í október 2024.

Á fundi nefndarinnar þann 17. janúar 2025 tilkynnti Pawel Bartoszek formaður að hann hygðist láta af formennsku í nefndinni. Nýr formaður Hjálmar Sveinsson var kjörinn á aukafundi nefndarinnar þann 6. febrúar 2025.

Ein af áherslum nefndarinnar fyrir kjörtímabilið 2022-2026 er að heimsækja sveitarfélögin sem standa að svæðisskipulaginu og kynnast starfi skipulagssviða þeirra. Þann 14. febrúar 2025 heimsótti nefndin Hafnarfjarðarbæ í boði skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa bæjarins. Skipulagsfulltrúum aðildarsveitarfélaga SSH, og starfsfólki skipulagsdeildar Hafnarfjarðarbæjar var boðið að taka þátt. Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar kynnti helstu skipulagsverkefni bæjarins og leiddi gönguferð um miðsvæði bæjarins.

Svæðisskipulagsnefnd hefur fengið fjölda heimsókna og kynninga á fundum sínum. Í nóvember 2024 fékk nefndin kynningu á niðurstöðum starfshóps skipuðum af innviðaráðherra um bætta samgöngur til Keflavíkurflugvallar. Í desember sama ár fékk nefndin kynningu frá Strætó Bs. um leiðakerfi strætó og breytingar á því. Skipulagsstofnun kynnti hlutverk og verkefni stofnunarinnar á fundi nefndarinnar í maí 2025. Framkvæmdastjóri Almanna- og atvinnuleysisbætur heimsótti nefndina í júní 2025 og kynnti niðurstöður og stöðu vinnu við uppfærslu á hættu- og áhættumati vegna eldgosavár fyrir allan Reykjanesskaga. Nefndin hefur einnig fengið fjölda kynninga frá fulltrúum sveitarfélaganna á hinum ýmsu skipulagsmálum og frá ráðgjöfum sem unnið hafa að verkefnum sóknaráætlunar.

Svæðisskipulagsnefnd tekur þátt í ferðavenjukönnun haustið 2025 og nær hún yfir allt landið en sambærileg könnun var síðast unnið árið 2022. Svæðisskipulagsstjóri er fulltrúi nefndarinnar í þeirri vinnu og er könnunin unnin í samstarfi innviðaráðuneytisins og fleiri hagaðila.

Á vegum samráðshóps um vatnsvernd- og vatnsnýtingu hefur verið unnið að reglubundinni uppfærslu grunnvatnslíkans rennislisvatns á höfuðborgarsvæðinu. Sumarið 2024 hófst borun þriggja rannsóknarborhola, en borun einnar þeirra er lokið. Jarðlög á svæðinu eru þannig að líkur eru á að skipta þurfi um boraðferð við áframhaldandi borun. Ákveðið var á fundi hópsins þann 30. janúar 2025 koma af stað mælingum á svæðinu í rannsóknarholunni sem boruð hefur verið og öðrum holum sem fyrir eru í nágrenninu. Sumarið 2025 hófust mælingar í tveimur holum á svæðinu. Áætlað er að ákvarðanir um áframhaldandi boranir á svæðinu verði teknar þegar mæliniðurstöður liggja fyrir. Mikilvægt er að samráðshópurinn starfi áfram og vinni að sameiginlegum verkefnum vatnsverndar og vatnsnýtingar.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024.

Á árinu 2024 vann SSH að nýrri sóknaráætlun fyrir tímabilið 2025-2029 sem nú hefur verið samþykkt. Í janúar sl. undirritaði SSH nýjan fimm ára samninga um sóknaráætlanir við þrjú ráðuneyti, þ.e. innviðaráðuneyti, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Á grundvelli samningsins og nýrrar sóknaráætlunar voru skilgreind áhersluverkefni SSH fyrir árið 2025 og lagður grunnur að þeim næstu á komandi árum. Áfram verða sterk tengsl á milli svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og verkefna sóknaráætlunar. Framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn og svæðisskipulagsstjóri SSH hafa haldið utan um áhersluverkefni Sóknaráætlunar ásamt utanaðkomandi ráðgjöfum og er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi áfram á árinu 2026.



Byggðasamlög og skíðasvæði.

Áframhaldandi utanumhald eigendavettvangs og stuðningur verður við byggðasamlögin skv. eigendastefnu Strætó bs. og Sorpu bs.

Áfram verður unnið að verkefni um stjórnsýslulega stöðu byggðarsamlaganna m.a. með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa. Stefnumálin hefur verið komið á og verður unnið á vettvangi þess á árinu 2026.

Áframhaldandi vinna og aðkoma að uppbyggingu og framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk.

Fjögur sveitarfélög innan SSH endurgerðu samning sín á milli um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á árinu 2020 og unnið var að sameiginlegu útbóði um rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk í umsjón Strætó bs. Á árinu 2026 verður hefðbundin eftirfylgni samkomulagsins á vettvangi SSH.

Þverfaglegt samstarf; Samstarfshópar og nefndir.

Á vettvangi SSH starfa nefndir og verkefnahópar sem gert er ráð fyrir að starfi áfram á árinu 2026.

Formlegar nefndir:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sem byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð 2 fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.

Skólamálanefnd SSH, en nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósahreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á sviði fræðslumála.

Viðvarandi samstarfshópar:

Samráðshópur á sviði velferðarmála.

Stýrihópur vatnsverndar og vantsnýtingar.

Fagráð svæðisskipulags.

Tímabundin samstarfs- / verkefnahópar:

Verkefnahópur um framkvæmdir á skíðasvæðunum.

Önnur verkefni.

Umsjón og framkvæmd á viðhaldi höfuðborgargirðingarinnar heldur áfram venju samkvæmt á árinu 2026. Aukin áhersla verður þó á að greina frekar hugsanlega veikleika í girðingunni og setja upp netgirðingar þar sem þar á við. Á sínum tíma var ákveðið að byggja upp girðinguna sem rafmagnsgirðingu en talið er mikilvægt nú að styrkja ýmsa staði á þessari 33.km. leið með netgirðingum eins og áður sagði.

Til framtíðar þarf að huga að því að sérstakt framlag sveitarfélaganna komi til vegna viðhalds og uppbyggingar á girðingunni, þar sem framlag til þessa verkefnis er mjög hækkandi í fjárhagsáætlun SSH.

Samtökin verða 50 ára á árinu 2026 og er gert ráð fyrir sérstöku framlagi að upphæð 1.milj. kr til þess að standa að viðburði vegna þeirra tímamóta.



Fjárhagsáætlun SSH 2026

Fjárhagsáætlun SSH endurspeglar starfsemi samtakanna. Unnin er fjárhagsáætlun fyrir rekstur og fjárhag samtakanna og haldið er sérstaklega utan um þau verkefni í bókhaldi SSH sem unnið er að á hverjum tíma. Dæmi um slíkt bókhaldslegt utnumhald er kjarnastarfsemi SSH, starfsemi svæðisskipulags, sóknaráætlana og annara verkefna sem unnin eru á vettvangi og ábyrgð SSH til skemmri eða lengri tíma.

Á skrifstofu SSH starfa fjórir starfsmenn í 3,7 stöðugildum. Um er að ræða framkvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra, lögfræðing og fulltrúa á skrifstofu sem sér um bókhald, afgreiðslu og vefsíðu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Utanaðkomandi verkefnastjórar halda utan um hluta áhersluverkefna sóknaráætlunar og önnur verkefni sem ráðist er í. Þá er hluta af bókhalds- og launavinnslu útvistað.

Forsendur fjárhagsáætlunar eru þær helstar að gert er ráð fyrir því að almennir rekstrargjaldaliðir hækki um 3,5 % (neyslúvísitala) og laun almennt samkvæmt ramma kjarasamninga. Gert er ráð fyrir því að tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækki milli ára og verði 60 millj. kr. Framlag sveitarfélaganna verði 176 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2026 og hækki úr 170 kr á hvern íbúa, frá fyrra ári m.v. áætlaða verðlagsbreytingu 3,5%.

Frá árinu 2022 hefur verið unnið að þróun á nýrri heimasíðu SSH og verður hún endurbætt áfram og þróuð á árinu 2026.

Ljóst er að slagkraftur samtakanna verður einnig að aukast í gegnum nútíma miðlun upplýsinga m.a. með því að útbúa efni og setja fram á samfélagsmiðlum og heimasíðu. Í þarfagreiningu nýrrar heimasíðu kom fram að mikilvægt er að halda vel utan um efni síðunnar og koma efninu mun markvissar á framfæri við markhópa og hagaðila.

Samantekið verða því á árinu 2026 tekin frekari skref í þá átt að efla greiningaþátt starfseminnar m.a. með aðkeyptum greiningum sérfræðinga og á sama tíma efla virkni á netinu m.a. með nýrri heimasíðu og aukinni virkni á samfélagsmiðlum til að koma efni og áherslum samtakanna á framfæri. Í fjárhagsáætlun 2026 er áætlað fyrir aðkeyptri sérfræðipjónustu m.a. vegna framangreindra þátta um 6.0 millj. kr.

Hugað verður vel að starfsmannabætti samtakanna á árinu 2025 m.a. með hagnýtum námskeiðum sem nýtast hverjum og einum út frá starfi og styrkur til heilsuræktar og - eflingar er áætlaður 30.015 kr. á árinu 2026.

Í töflu 1 má sjá skiptingu á framlögum sveitarfélaganna til SSH á árinu 2025 og 2026. Í töflu 2 yfirlit yfir helstu verkefni SSH á árinu 2026.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.09.2025	Hlutfall	Framlag 2025	Áætlað framlag 2026	Mismunur
Reykjavíkurborg	146,544	56.0%	24,808,270	25,791,744	983,474
Kópavogsbær	41,458	15.9%	7,029,670	7,296,608	266,938
Seltjarnarneskaupstaður	4,775	1.8%	802,230	840,400	38,170
Garðabær	21,055	8.0%	3,490,270	3,705,680	215,410
Hafnarfjarðarkaupstaður	33,200	12.7%	5,534,350	5,843,200	308,850
Mosfellsbær	14,212	5.4%	2,402,440	2,501,312	98,872
Kjósarhreppur	318	0.1%	52,190	55,968	3,778
					-
Samtals	261,562	100%	44,119,420	46,034,912	1,915,492

Tafla 1. Áætlun um framlög sveitarfélaganna til SSH á árinu 2026.



Verkefnakostnaður	Fjárhagáætlun 2025	Fjárhagáætlun 2026
Viðhald höfuðborgargirðingar	7,000,000	10,000,000
Sóknaráætlun - framlag	6,000,000	6,000,000
Annar verkefnakostnaður	3,500,000	2,500,000
Rekstur - Út um allt		2,000,000
Verkefni vegna byggðasamlaga	2,500,000	1,500,000
Samtals	19,000,000	22,000,000

Tafla 2: Áætlaður sérstakur verkefnakostnaður á árinu 2026.

Helstu niðurstöður eru þær að gert er ráð fyrir því að rekstur verði í tapi sem nemi 2,9 millj. kr og handbært fé í árslok 2026 verði um 29,6 millj. kr.



SSH FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

		Raunt. M01-07 áætlun M08-12	Fjárhagsáætlun 2025	Fjárhagsáætlun 2026
TEKJUR				
	Árgjöld aðildarsveitarfélaganna	-44,119,420	-44,017,080	-46,034,912
	Framlag jöfnunarsjóðs	-49,799,154	-54,000,000	-60,000,000
	Aðrar tekjur	0	0	0
	TEKJUR ALLS:	-93,918,574	-98,017,080	-106,034,912
REKSTRARGJÖLD				
	Laun og launatengd gjöld	58,799,490	59,945,331	63,659,016
	Húsnæðiskostnaður	9,137,048	9,282,349	9,720,269
	Skrifstofa, uppl. kerfi, fundakostn. o.fl.	22,477,557	21,636,424	22,804,587
	Samtals rekstur skrifstofu	90,414,095	90,864,104	96,183,872
	Hlutdeild ríkisins í sóknaráætlun	-1,720,250	-3,625,987	-1,720,250
	Hlutdeild svæðisskipulags	-5,000,000	-5,000,000	-5,000,000
	Hlutdeild tímab. verkefna	0	0	0
	Samtals framlag til rekstrar	-6,720,250	-8,625,987	-6,720,250
	Nettó rekstur skrifstofu	83,693,845	82,238,117	89,463,623
Verkefnakostnaður				
		19,000,000	19,000,000	22,000,000
Fjármagnsliðir				
		-3,758,167	-1,452,478	-2,500,000
HEILDARNIÐURSTAÐA				
		5,017,104	1,768,559	2,928,711

Tafla 3: Fjárhagsáætlun SSH 2026.



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur SSH 14. nóvember 2025

Tillaga til aðalfundar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 14. nóvember 2025 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2026 til samtakanna verði 176 kr. á hvern íbúa.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ár 2025, föstudaginn 14. nóvember, var haldinn 49. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Fundurinn var haldinn í Garðaholti Garðabæ og hófst kl. 12:20.

Þetta gerðist:

1. Setning aðalfundar.

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri Reykjavíkur og formaður stjórnar SSH, setti fund, bauð gesti velkomna og stýrði kjöri fundarstjóra.

Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnslusviðs Garðabæjar var kjörin fundarstjóri og tók hann við stjórn fundarins og stýrði kjöri fundarritara.

Fundarritari var kjörin Sigríður Logadóttir, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi hjá Garðabæ.

1. Hvar liggja tækifærin í auknu samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu? Fyrirlestrar og umræður

1.1. Tækifæri í stafrænu samstarfi og erlendar fyrirmyndir

Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri Þróunarsviðs Sambandsins.

1.2. Helstu tækifæri og áskoranir í átt að öflugri samstarfsvettvangi

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

1.3. Tækifæri og áskoranir í samstarfi sveitarfélaga

Gunnar Úlfarsson hagfræðingur hjá Viðskiptaráði Íslands.

1.4. Samstarfsverkefni sveitarfélaga. Horft yfir sviðið og í ljósi SSH

Grétar Þór Eyþórsson prófessor við Háskólann á Akureyri.

1.5. Pallborðsumræður

Kristján Kristjánsson fjölmiðlamaður og stjórnandi Sprengisands á útvarpsstöðinni Bylgjunni stýrði umræðum.

Í pallborðsumræðunum tóku þátt bæjarstjórar og borgarstjóri í stjórn SSH, þau Almar Guðmundsson, Garðabæ, Ásdís Kristjánsdóttir, Kópavogi, Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavík, Regína Ástvaldsdóttir, Mosfellsbæ, Valdimar Víðisson, Hafnarfirði, Þór Sigurgeirsson Seltjarnarnesi og Þorbjörg Gísladóttir, Kjós, með þátttöku fundarmanna.

2. Undirritun samninga við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og um svæðisbundið farsældarráð

2.1. Samningur sveitarfélaganna við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins kynnti.

2.2. Samningar um svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnti.

3. Fram fóru aðalfundarstörf samkvæmt 3. gr. samþykktar SSH

3.1. Lögð fram skýrsla stjórnar SSH um liðið starfsár

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar SSH flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársskýrsla SSH er aðgengileg í fundargögnum.

3.2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2024.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur kr. 92.876.572

Rekstrargjöld kr. 91.766.510

Fjármunatekjur kr. 5.278.406

Afkoma ársins kr. 6.388.468

Efnahagsreikningur

Eignir kr. 114.049.767

Eigið fé kr. 32.649.339

Skammtímaskuldir kr. 81.400.428

Eigið fé og skuldir samtals kr. 114.049.767

Endurskoðaður ársreikningur 2024 er aðgengilegur í fundargögnum.

3.3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 lögð fram til samþykktar

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er aðgengileg í fundargögnum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2026.

Engar megin breytingar eru í starfsemi SSH 2026 sem hafa áhrif á fjárhagsáætlunina. Páll bendir þó sérstaklega á að ef rekstur höfuðborgargirðingar muni áfram fara vaxandi þurfi að innheimta fyrir þeim kostnaði sérstaklega hjá sveitarfélögunum svo það íþyngi ekki annarri starfsemi innan SSH. Verður það skoðað í fjárhagsáætlun 2027.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 14. nóvember 2025 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2026 til samtakanna verði 176 kr. á hvern íbúa.

Tillagan var samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 14. nóvember 2025 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2026 verði samþykkt.

Tillagan var samþykkt.

3.4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Lagt er til að skoðunarmenn verði Guðný Maja Riba Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason Garðabæ.

Lagt er til að endurskoðandi SSH fyrir næsta starfsár verði KPMG endurskoðun.

Tillagan var samþykkt.

4. Önnur mál og umræður

Því næst var opnað fyrir umræður.

Enginn tók til máls undir þessum lið.

5. Fundarslit

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar SSH sleit fundi kl. 15:16.

Sigríður Logadóttir fundarritari